

Fjölumdæmisping MD109

# Gjaldkeraskóli 2024

---

**Stefán Árnason**

**Fv. Umdæmisstjóri / Fjölumdæmisgjaldkeri**



**Lions International**



# Gjaldkeraskóli 2024

Það sem við skoðum á þessu námskeiði

- Hvert er hlutverk gjaldkera / bókara
  - Stjórn
    - Sjóðir og varsla þeirra
      - Skýrslur og skil
        - Uppgjör
          - Fjármál fjölumdæmis 109



# Gjaldkeraskóli 2024

## Hlutverk gjaldkera

- Gjaldkeri er stjórnarmaður í Lionsklúbbum.
- Gjaldkeri er ábyrgur fyrir fjármálum klúbbsins og ber að halda nákvæmt bókhald eða sjá um að það sé gert. Sami aðili þarf ekki að vera bæði gjaldkeri og bókarari. Jafnvel æskilegt að svo sé ekki.
- Samþykkt stjórnar getur hvort heldur sem er verið fólgin í samþykkt á hverjum reikningi eða í fjárhagsáætlun
- Hann sér um að greiða þá reikninga sem stjórnin hefur samþykkt, innheimta gjöld og hefur eftirlit með öllum fjáröflunum klúbbsins.



# Gjaldkeraskóli 2024

## Aðgerðir til árangurs

- Gerir fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár í samstarfi við stjórn klúbbsins.
- Leggur fjárhagsáætlun fyrir klúbbinn ásamt tillögu um upphæð félagsgjalda.
- Innheimtir félagsgjöld.
- Greiðir fjöllumdæmis -, verkefnasjóðs - og alþjóðagjöld á tilsettum tíma.
- Færir bókhald reglulega, eða sér um að það sé gert.



# Gjaldkeraskóli 2024

## Aðgerðir til árangurs

- Tekur þátt í undirbúningi fjáraflana með verkefnanefnd.
- Gerir grein fyrir stöðu sjóða, kostnaði og gjöldum við hvert verkefni.
- Ábyrgur fyrir því að fjármunir sem aflað er meðal almennings fari í líknarsjóð og það sem aflað er meðal félaga fari í félagasjóð.
- Leggur fram endurskoðaða reikninga í lok starfsársins til samþykktar.



# Gjaldkeraskóli 2024

## Mælanlegur árangur

- Hefur gert fjárhagsáætlun.
- Staða sjóða og afrakstur verkefna er miðað við áætlun.
- Ársreikningur lagður fram og samþykktur.



# Gjaldkeraskóli 2024

## Ákjósanlegir eiginleikar

- Nákvæmur og skilvirkur.
- Fær um að nota tækni eins og tölvupóst, Excel, samskiptaforrit eins og Zoom og aðra samfélagsmiðla.



# Gjaldkeraskóli 2024

Gjaldkeri gerir reglulega grein fyrir stöðu reikninga

Hefur eftirlit með fjáröflunum og gætir þess að meðferð fjármuna sé í samræmi við reglur Lionshreyfingarinnar

Það er mikilvægt að hafa það í huga að þú og þinn klúbbur er hluti af stærri heild sem er Lions.





# Gjaldkeraskóli 2024

Vinna að gerð fjárhagsáætlunar ekki seinna en í lok júní í samvinnu við fráfarandi gjaldkera, viðtakandi stjórn og nefndir.

- Samþykkt fjölumdæmis- og verkefnasjóðsgjald
- Gera þarf starfsáætlun fyrir komandi starfsár
- Áætlaður fjöldi funda, fyrirkomulag, veitingar og húsnæði
- Áætluð starfsemi á vegum nefnda næsta starfsárs



# Gjaldkeraskóli 2024

## Fjárhagsáætlun rekstur

<b>Tekjur:</b>	<b>Samtals 2022/2023</b>	<b>Áætlun 2023/2024</b>	<b>Staða 01.01.24</b>
Leiðalýsing	851.234	921.000	778.000
Skötuveisla	435.655	466.000	326.800
Félagsgjöld	460.000	495.000	456.000
Veitingagjald	184.000	198.000	342.000
Skemmtanaskattur	176.000	185.000	149.000
Aðrar tekjur	185.910	198.000	150.000
Vextir	6.459	7.000	0
<b>Samtals tekjur</b>	<b>2.299.258</b>	<b>2.470.000</b>	<b>2.201.800</b>

<b>Staða 01.01.24 Líknarsjóður</b>	<b>Staða 01.01.24 Félagasjóður</b>	<b>Staða 01.01.24 Koktelsjóður</b>	<b>Samtals sjóðir</b>
778.000			778.000
326.800			326.800
	456.000		456.000
		342.000	342.000
		149.000	
150.000			150.000
	0		0
<b>1.254.800</b>	<b>456.000</b>	<b>491.000</b>	<b>2.201.800</b>



# Gjaldkeraskóli 2024

## Fjárhagsáætlun rekstur

Gjöld:	Samtals 2022/2023	Áætlun 2023/2024	Staða 01.01.24
Gjafir og styrkir	450.000	685.000	436.000
Unglingaskipti	0	250.000	250.000
Leiðalýsing	128.500	133.400	122.000
Bankakostnaður	6.050	7.200	4.650
Móttaka gesta	186.000	210.000	152.000
Merki	12.300	15.400	8.250
Sköruveisla	162.000	174.000	166.500
Félaga og umdæmisgjöld	315.000	334.000	334.000
Félagakostnaður	49.500	52.000	36.500
Kaffikostnaður	28.600	32.900	24.850
Þing- og fræðslugjöld	65.460	72.340	22.400
Jólafundur og skemmtif.	110.000	119.000	119.000
Óvissu- og fræðsluferðir	48.000	51.000	79.546
<b>Samtals gjöld</b>	<b>1.561.410</b>	<b>2.136.240</b>	<b>1.755.696</b>

Staða 01.01.24 Líknarsjóður	Staða 01.01.24 Félagasjóður	Staða 01.01.24 Koktelsjóður	Samtals sjóðir
436.000			436.000
250.000			250.000
122.000			122.000
	4.650		4.650
		152.000	152.000
	8.250		8.250
166.500			166.500
39.000	295.000		334.000
		36.500	36.500
		24.850	24.850
	22.400		22.400
		119.000	119.000
		79.546	79.546
<b>1.013.500</b>	<b>330.300</b>	<b>411.896</b>	<b>1.755.696</b>

<b>Staða</b>	<b>737.848</b>	<b>333.760</b>	<b>446.104</b>
--------------	----------------	----------------	----------------

<b>241.300</b>	<b>125.700</b>	<b>79.104</b>	<b>446.104</b>
----------------	----------------	---------------	----------------



# Gjaldkeraskóli 2024

## Sjóðir

Félagajóður og verkefnasjóður (líknarsjóður) verða að vera aðskildir

Félagasjóður– félagsgjöld, sektir og rekstrarfé klúbbsins. Heimilt er að flytja fjármuni úr þessum sjóði yfir í verkefnasjóð (líknarsjóð).

Verkefnasjóður– fjármunir sem safnað er meðal almennings. Allt fé sem safnað er á meðal almennings verður að fara í verkefnasjóð (líknarsjóð).

Almenningur teljast allir aðrir en klúbbfélagar. Vinnuframlög Lionsfélaga heyra undir þessa reglu.

Eingöngu má draga frá beinan óumdeildan útlagðan kostnað við fjáröflunina



# Gjaldkeraskóli 2024

- Endurgreiðsla VSK.
- **Gjöf til mannúðar og líknarstarfsemi skv. 33. gr. rg. 630/2008 um ýmis tollfríðindi**
- *„Til þessa liðs teljast tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til að nota í starfsemi sjúkra, umönnunar og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnafélaga, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum. Undanþágan er háð því skilyrði að ekki séu fjárhagsleg tengsl milli gefanda og gjafþega. „*

Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni:

[https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tollamal/eydublod\\_tollgaeslustjora/ts-e20-leidbeiningar/](https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tollamal/eydublod_tollgaeslustjora/ts-e20-leidbeiningar/)



# Gjaldkeraskóli 2024

Nota bankareikninga (“netbanka”) eins mikið og hægt er

Notkun peningaseðla getur valdið ruglingi og getur skapað óreglu í bókhaldi

Gjaldkeri skal afhenda greiðslukvittun fyrir öllum móttæknum greiðslum í formi reiðufés

Gott er að vera búinn að útbúa kvittanir fyrir fundi til að flýta afgreiðslu



# Gjaldkeraskóli 2024

- **Innheimta gjalda**

Fjölumdæmisgjald og verkefnasjóður - Rukkað er eftir fjölda klúbbfélaga á reikningsdegi

Innlent félagagjald er 18.955 og gjald í verkefnasjóð 1.603 krónur.

Alþjóðagjald er 48 USD.

Öll gjöldin eru rukkuð í tvennu lagi, í september/október og febrúar/mars.

Upphafsgjald nýrra félaga er 25 USD



# Gjaldkeraskóli 2024

Gjaldkeri er kosinn til eins árs

Í lok árs eiga allar upplýsingar og fylgiskjöl að vera í góðri reglu til notkunar fyrir verðandi gjaldkera.

Munið að mögulegt er að fela öðrum aðila færslu bókhalds, aðila sem hefur góða bókhaldsþekkingu





# Gjaldkeraskóli 2024

Klára allar greiðslur og innheimtur fyrir lok tímabilsins

Aðstoðaðu nýjan einstakling til að taka við hlutverki gjaldkera

Skila ársreikningi tímanlega og fyrir miðjan júlí

Verðmeta eigin vinnu við verkefni

Það þykir góð bókhalds regla að láta endurskoða ársreikningana

Fyrrverandi gjaldkerar eru tilvaldir í þetta hlutverk



# Gjaldkeraskóli 2024

Fyrir þann sem tekur við

Afhentu nýjum gjaldkera:

Yfirlit yfir bankareikninga  
Skrá yfir greidd félagsgjöld  
Afrit af ársreikningi

Breytið prókúru að bankareikningi og aðgangi að netbanka



# Gjaldkeraskóli 2024

## Fjármál Fjölumdæmis 109



# Gjaldkeraskóli 2024

## Hvernig var staðan og hvernig er staðan

	<b>Starfsárið 2013 /2014</b>	<b>Starfsárið 2016 / 2017</b>	<b>Starfsárið 2022 /2023</b>
Innheimt félagsgj. á verðlagi 2023	28.911.689	30.819.473	30.811.592
Rekstrarniðurstaða verðlag 2023	-1.577.916	-89.561	4.394.959

### Á verðlagi í janúar 2023:

Rekstrarhalli starfsáranna 2012 - 2017

Sóltún mat á viðhaldspörf 2016

**Samtals**

**Á verðlagi**

**janúar 2023**

18.765.916

23.500.000

---

**42.265.916**



# Gjaldkeraskóli 2024

**Þing Lions - fjöllumdæmis 109**

**11. maí 2024**

**Tillaga að árgjaldi starfsársins 2024 – 2025.**

**Fjöllumdæmisstjórn gerir það að tillögu sinni að félagsgjald fyrir starfsárið 2024 – 2025 hækki í samræmi við breytingar á launa- og neysluvístölu (febrúar 2023 – febrúar 2024). Vægi launavísitölu er 53,5%.**

- 1. Félagsgjaldið var kr. 17.767.- en hækkar um 6,69% og verður 18.955- fyrir starfsárið 2024 -2025.**
- 2. Fjöllumdæmisstjórn gerir það að tillögu sinni að gjald í verkefnasjóð hækki til samræmis við verðlagsþróun. Gjald í verkefnasjóð var 1.503.- en hækkar um 6,7% og verður kr. 1.603.- starfsárið 2024–2025.**

**Geirþrúður Fanney Bogadóttir**  
**viðtakandi fjöllumdæmisstjóri**

**Stefán Árnason**  
**viðtakandi fjöllumdæmisgjaldkeri**



# Gjaldkeraskóli 2024

<b>REKSTRARTEKJUR:</b>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>	<b>%</b>	<b>Kr. mism.</b>
Fjölumdæmisgjöld klúbba	30.811.592	29.619.920	4,02%	1.191.672
Alþjóðagjöld klúbba	0	640.784	100,00-%	-640.784
Vörusala...	1.412.158	1.266.790	11,48%	145.368
Seld skrifstofuþjónust	3.948.156	3.251.136	21,44%	697.020
Kaffigjald..	1.852.335	858.424	115,78%	993.911
Útgáfu og þýðingarst.Lions Int.	515.126	248.436	107,35%	266.690
Auglýsingatekjur og styrkir	-2.500	0	0,00%	-2.500
LCI styrkir.	0	798.138	100,00-%	-798.138
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>38.536.867</b>	<b>36.683.628</b>	<b>5,05%</b>	<b>1.853.239</b>



# Gjaldkeraskóli 2024

<b>REKSTRARGJÖLD:</b>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>	<b>%</b>	<b>Kr. mism.</b>
Rekstur umdæmisins	11.771.667	5.870.700	100,52%	5.900.967
Kostnaðarverð seldra vara	294.832	1.091.985	73,00-%	-797.153
Laun og launatengd gjöld	17.175.491	16.052.960	6,99%	1.122.531
Rekstur skrifstofu	1.259.152	1.119.358	12,49%	139.794
Rekstur félagsheimilis	3.836.148	3.066.441	25,10%	769.707
Lions tímaritið	1.925.414	1.648.089	16,83%	277.325
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>36.262.704</b>	<b>28.849.533</b>	<b>25,70%</b>	<b>7.413.171</b>
Vaxtatekjur	9 2.891.119	669.029	332,14%	2.222.090
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	-673.003	-158.773	323,88%	-514.230
<b>ÖNNUR GJÖLD:</b>				
Tapaðar viðskiptakröfur	-97.320	0	0,00%	-97.320
<b>Önnur gjöld</b>	<b>-97.320</b>	<b>0</b>	<b>0,00%</b>	<b>-97.320</b>
<b>Rekstarafkoma</b>	<b>4.394.959</b>	<b>8.344.351</b>	<b>47,33-%</b>	<b>-3.949.392</b>



# Gjaldkeraskóli 2024

## EIGNIR:

### FASTAFJÁRMUNIR:

	2022-2023	2021-2022	%	Kr. mism.
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir.	49.014.167	49.014.167	0,00%	0
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>49.014.167</b>	<b>49.014.167</b>	<b>0,00%</b>	<b>0</b>

### VELTUFJÁRMUNIR:

Vörubirgðir	1.718.325	1.325.750	29,61%	392.575
Skammtímakröfur	2.158.908	731.943	194,96%	1.426.965
Handbært fé	54.656.965	52.592.732	3,92%	2.064.233
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>58.534.198</b>	<b>54.650.425</b>	<b>7,11%</b>	<b>3.883.773</b>
<b>Eignir alls.</b>	<b>107.548.365</b>	<b>103.664.592</b>	<b>3,75%</b>	<b>3.883.773</b>





# Gjaldkeraskóli 2024

<b>REKSTUR UMDÆMISINS:</b>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>	<b>Kr. mism.</b>
Alþjóðáþing	1.123.930	0	1.123.930
Evrópuþing	329.665	0	329.665
N.S.R. þing	116.668	97.271	19.397
Ferðakostnaður erlendis	188.505	404.445	-215.940
Fjölumdamisþing	3.865.812	2.770.300	1.095.512
Fundir Fjölumdamis og Umdæma	1.743.720	27.260	1.716.460
Ferðakostnaður innanlands	0	26.811	-26.811
Fundir.....	0	200.000	-200.000
Fánar, prentun og fleira	766.267	716.059	50.208



# Gjaldkeraskóli 2024

REKSTUR UMDÆMISINS:	2022-2023	2021-2022	Kr. mism.
Kostnaður við fjöllumdæmið	412.550	416.586	-4.036
Kostnaður við umdæmi 109 A	447.022	6.448	440.574
N.S.R. Sameiginlegur kostnaður	392.682	391.856	826
N.S.R. Þing og fundir	922.844	0	922.844
Heimsókn Alþjóðaf/erlendir gesti	1.048.301	503.551	544.750
Samfundir/námskeið	0	18.595	-18.595
Kynningarmál (Centennial)	21.638	20.026	1.612
Félaga og útbreiðslumál	14.081	0	14.081
Ýmis kostnaður	30.694	6.240	24.454
Heimasíða.	347.288	265.252	82.036
<b>Rekstur umdæmisins alls</b>	<b>11.771.667</b>	<b>5.870.700</b>	<b>5.900.967</b>



# Gjaldkeraskóli 2024

<b>SÉRSJÓÐIR LIONS:</b>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>	<b>%</b>	<b>Kr. mism.</b>
Verkefnasjóður Lions	18.377.669	16.709.265	9,98%	1.668.404
Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar	11.054.808	12.104.310	8,67-%	-1.049.502
Lions Leiðtogaskóli	2.105.481	1.845.704	14,07%	259.777
Rauð Fjöður 2022 (2011)	1.957.347	1.809.347	8,18%	148.000
Sjóður vegna Trjálundar/Norge	372.741	372.741	0,00%	0
Styrkur USA Ýmislegt 2014-2016	2.520.255	2.520.255	0,00%	0
WSD Alþjóðarsjónverndard. Styrkur 2014	69.054	69.054	0,00%	0
Lestrarátak IBBÝ	-481.882	-483.768	0,39-%	1.886
Rauð fjöður 2015	42.478	42.478	0,00%	0
Sérsjóðir Lions alls	36.017.951	34.989.386	2,94%	1.028.565



# Gjaldkeraskóli 2024

HANDBÆRT FÉ:	2022-2023	2021-2022	%	Kr. mism.
0544 26 032322	308.269	995.578	69,04-%	-687.309
0111 26 100230 - Tökum á með GBY 2018	789	787	0,25%	2
0516 26 017722 - Centennial	5.039	705.296	99,29-%	-700.257
0544 04 200087 - Hjálparsjóður	2.350	131.508	98,21-%	-129.158
0544 14 554053 - Verkefnasjóður	8.925	206.722	95,68-%	-197.797
0544 14 556440 - Góu gleði / Rauð fjöður	5.881	26	22519,23%	5.855
0525 38 710145	89	89	0,00%	0
0111 26 102297 (311019)	3.283	492.638	99,33-%	-489.355
0111 05 272997 - Skóli 2013-2014	11.006	809.752	98,64-%	-798.746
0314 26 000025 - Heiðurssjóður GBY	2.559.546	2.271.393	12,69%	288.153
0314 13 300258 - Minningarsj. Markaðsr.	11.424	11.369	0,48%	55
0516 26 007722 - LCIF	72.433	96.426	24,88-%	-23.993
0516 26 008822 - Lestrarátak IBBÝ	12.771	10.885	17,33%	1.886
0525 14 102431-Þinggjöld (WSD sjónvernd)	4.027	3.953	1,87%	74
0565 14 001248 - Vaxtareikningur	51.628.818	46.828.818	10,25%	4.800.000
Skiptimynnt	22.315	27.492	18,83-%	-5.177
Handbært fé alls	54.656.965	52.592.732	3,92%	2.064.233



# Reikningar fjölumdæmisins fyrir starfsárið 2022 – 2023

	2022-2023	2021-2022
<b>16. REIKNÆÐUR VIÐHALDSSJÓÐUR HÚSEIGNAR:</b>		
Staða frá fyrra ári .....	(13.278.272)	(13.154.736)
Reiknuð húsaleiga Hlíðarsmára 14 .....	2.987.388	2.411.496
Tryggingar .....	(161.173)	(143.129)
Fasteignagjöld .....	(893.783)	(524.320)
Endurgreidd fasteignagjöld .....	203.060	0
Kostnaður við standsetningu og húsgögn .....	(2.021.206)	(1.483.430)
Húsfélagskostnaður .....	(301.134)	(384.153)
<b>Reiknaður viðhaldskostnaður alls</b>	<b>(13.465.120)</b>	<b>(13.278.272)</b>



# Gjaldkeraskóli 2024

Fjölumdæmisstjórn starfsárið 2021 – 2022, skipaði nefnd til að fara yfir og gera tillögu að breytingum á þinghaldinu hvað varðar fjárhagslega aðkomu fjölumdæmisins. Einnig var nefndinni falið að skoða mögulegar breytingar á dagskrá og umgjörð þinganna.

Í nefndina voru skipuð:

Stefán Árnason, Anna Blöndal, Inga Lóa Steinarsdóttir og Andri Örn Víðisson. Með nefndinni hefur starfað Kristinn Hannesson

Nefndin ákvað að byrja á að skoða fjárhagslega aðkomu fjölumdæmisins að þinghaldinu. Tillaga nefndarinnar hvað varðar fjárhagslega aðkomu fjölumdæmisins var samþykkt á fundi fjölumdæmisráðs 24. september 2022.

Nú skilar nefndin af sér tillögu um umgjörð og dagskrár fjölumdæmis- og umdæmisþinganna.



# Gjaldkeraskóli 2024

Við vinnslu á tillögu á umgjörð þingsins hefur nefndin stuðst við þær ábendingar sem henni hafa borist og ábendingar sem komu þegar óskað var eftir þeim eftir þinghaldið s.l. vor í Hveragerði. Það er mat okkar að þær ábendingar gefi tilefni til að lögð verði áhersla á:

- að þinggögn og skráning verði sem mest rafræn
- að skólar séu þannig skipulagðir að hluti kennslunnar geti farið fram á netinu áður en starf heft að hausti.
- að allir sem mæta til þings séu báða daga þingsins
- að heimilt sé að hafna umsókn um ferðastyrk ef viðkomandi situr ekki allt þingið
- að þingið sé opið öllum lionsfélögum og að uppskeruhátið sé þannig uppsett að hún höfði til sem flestra lionsfélaga bæði hvað varðar verð og skemmtidagskrá.



# Gjaldkeraskóli 2024

Félagar	Árgjald á féлага 2023-2024	Samtals greitt árgjald	Þing- fulltrúar	Lækkun þinggjalds kr. 8.500	Lækkun þinggj. % af árgj.	Þing- styrkur v/fjarlægð	Þingstyrk. % af gr. árgj.	Heildar áhrif % af gr. árgj.
10	17.767	177.670	3	25.500	14,35%	60.000	33,8%	48,1%
15	17.767	266.505	3	25.500	9,57%	60.000	22,5%	32,1%
25	17.767	444.175	3	25.500	5,74%	60.000	13,5%	19,2%
35	17.767	621.845	4	34.000	5,47%	80.000	12,9%	18,3%
45	17.767	799.515	5	42.500	5,32%	100.000	12,5%	17,8%
55	17.767	977.185	6	51.000	5,22%	120.000	12,3%	17,5%
	<b>Samtals</b>	<b>3.286.895</b>	<b>24</b>	<b>204.000</b>	<b>6,21%</b>	<b>480.000</b>	<b>14,6%</b>	<b>20,8%</b>





# Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2024 – 2025

REKSTRARTEKJUR:	Áætlun 2022 - 2023	Rauntölur 2022 - 2023	%	Áætlun 2023 - 2024	Staða 31.03.2024	%	Áætlun 2024 - 2025	Breyting frá fyrri áætlun
Fjölmundemisgjöld klúbba	32.210.640	30.811.592	95,7%	34.094.873	31.364.751	92%	33.318.675	-2,33%
Vörusala	820.000	1.412.158	172,2%	800.000	891.310	111%	900.000	11,11%
Greiðshulhuti Medical Alert	3.766.000	3.948.156	104,8%	4.100.000	2.893.590	71%	4.346.000	5,66%
Tekjur af félagsheimili	1.200.000	1.852.335	154,4%	2.100.000	1.691.752	81%	2.300.000	8,70%
Útgáfu og þýðingarst.Lions Int	450.000	512.626	113,9%	500.000	502.212	100%	0	
Styrkur vegna kynningarmála	0			1.500.000	1.387.882	93%	500.000	-200,00%
<b>Samtals</b>	<b>38.446.640</b>	<b>38.536.867</b>	<b>100,2%</b>	<b>43.094.873</b>	<b>38.731.497</b>	<b>89,9%</b>	<b>41.364.675</b>	<b>-4,18%</b>

REKSTRARGJÖLD	Áætlun 2022- 2023	Rauntölur 2022 - 2023	%	Áætlun 2023 - 2024	Staða 31.03.2024	%	Áætlun 2024 - 2025	Breyting frá 2023 - 2024
<b>Skrifstofa:</b>	<b>20.215.000</b>	<b>18.434.643</b>	91,2%	<b>22.034.350</b>	<b>14.232.208</b>	65%	<b>22.066.120</b>	0,14%
<i>Launakostnaður</i>	<i>17.800.000</i>	<i>17.175.491</i>	96,5%	<i>19.402.000</i>	<i>13.273.586</i>	68%	<i>20.566.120</i>	5,66%
<i>Skrifstofukostnaður</i>	<i>2.415.000</i>	<i>1.259.152</i>	52,1%	<i>2.632.350</i>	<i>958.622</i>	36%	<i>1.500.000</i>	-75,49%
Rekstur húsnæðis	3.500.000	3.836.148	109,6%	3.815.000	3.413.045	89%	3.686.000	-3,50%
Vörukaup	700.000	294.832	42,1%	500.000	515.307	103%	500.000	0,00%
Lionsblaðið	800.000	1.925.414	240,7%	872.000	905.904	104%	950.000	8,21%
Þingsjóður	3.500.000	3.865.812	110,5%	5.500.000	340.920	6%	5.500.000	0,00%
Rekstur umdæmisins	7.500.000	8.416.200	112,2%	7.400.000	5.953.826	80%	7.000.000	-5,71%
Fjármagnsliðir	10.000	-2.165.846		-300.000	-2.925.073	975%	-1.500.000	
Tapaðar viðskiptakröfur	0	97.320			0		0	
<b>Samtals rekstur</b>	<b>36.215.000</b>	<b>34.704.523</b>	<b>95,8%</b>	<b>39.821.350</b>	<b>22.436.137</b>	<b>56%</b>	<b>38.202.120</b>	<b>95,93%</b>
Rekstrarniðurstaða	2.231.640	3.832.344	171,7%	3.273.523	16.295.360	498%	3.162.555	96,61%

# Lions á Íslandi 2023-2024

Umdæmi <sup>1)</sup>	Svæði	Klúbbar	Fjöldi
Umdæmi 109 A	8	47	1.105
Umdæmi 109 B	5	29	671
Samtals	13	76	1.776

*Alls hafa **92** gengið úr hreyfingunni það sem af er starfsársins umfram þá féлага sem bæst hafa við. **6** klúbbar hafa hætt. Meðalfjöldi féлага í klúbbi er **24**.*

<sup>1)</sup> Miðað við apríl 2024

# Lion Portal

- Nýtt mikilvægt hjálpartæki **formanns og ritara**
  - Öll **skýrsluskil** þar
  - **Félagatal** og **ferilskrá** félaga
  - Upplýsingar um **umdæmi og stjórnendur hreyfingar**
  - Almennar **upplýsingar** um allt mögulegt
  - Viðtakandi **stjórn skráð** í Lion Portal
  - **Námskeið** í Lions Learning Center – **Learn** í Lion Portal
- Skipa Club Administrator inni á Lions Portal
  - Hann getur skoðað og **skráð allt það sama og formaður og ritari**. Þarf að vera tölvulæs.

# Lion Portal – skýrslur og námskeið

**Lion Portal**

Home Membership Service Learn Reports/Insights Shop More

Welcome Halldor Kristjansson!

MY MEMBERSHIP MY CLUB MY CA MY ASSOCIATION

Dashboard  
**Lion Memb...** Refresh

The Portal Home Page for Launch  
As of May 4, 2024, 12:42 PM-Viewing as -

Lions Membership Today  
Number of Active Lions

1,361,747

Welcome to the Lion Portal

We have taken the functionality of MyLlon, MyLCL, Insights and other tools and combined them into one cohesive and consistent experience – the Lion Portal.

These resources and FAQs will help make sure that you and your fellow Lions and Leos keep current on Lion Portal news.

Frequently Asked Questions Training Videos Helpful Resources

Announcements:  
There are no new announcements

Verkefni, skýrslur  
Upplýsingar um Lions, námskeið  
App í símann eða á vefnum  
Stöðug þróun

QUICK LINKS

Lions Clubs International Convention  
Global Action Team  
Melvin Jones Fellowship  
Lions Quest

Contact Members Services  
Email: [lionsupport@lionsclubs.org](mailto:lionsupport@lionsclubs.org)  
Phone: (+001) 630-468-6900

DONATE

Lion Support



### Fréttir



#### Nú er lokaspretturinn hafinn fyrir Lionsþingið

03.05.2024

Kæra Lionsfólk.Við minnum á skráningu á þingið á Álftanesi 10. og 11. maí. Skráning fer fram hér á Lionsvefnum. Þar...



#### Enn berast gjafir í Grindarvíkursöfnun Lionsklúbbanna á Íslandi 42 – 240, þó henni sé formlega lokið.

30.04.2024

Lionsklúbbnum í Grindavík var afhentar 7.750.000 kr. í apríl. Nýlega bárust greiðslur til viðbótar inn á...



#### Þingblað

#### Lionsklúbbur Álftaness boðar til þings



#### Skammtímvistun fatlaðra á Akureyri færður nýr bill

### Viðburðir

**10 maí** 69. þing Lions á Íslandi verður haldið...

**27 maí** Dr. Patti Hill alþjóðaforseti Lions...

**01 jún** 1.júní er dagur Helen Keller hjá...

[Sjá alla viðburði](#)

### Verkefni



Friðarveggsþja Idakeppni



Heiðurs sjóður Guðrúnar...



Alþjóðahjálpar sjóður Lions,...



Landsátak í söfnun...

### Demo



*MISSION 1.5*

ÁTAK Í FÉLAGAMÁLUM

# Markmið MISSION 1.5

**Lions Clubs International ætla að hafa 1.5 milljón Lions félaga ekki seinna en 1. júlí 2027**

- Öll CA náí að vaxa ekki seinna en Lionsárið 2026-2027
- Öll umdæmi munu bæta við klúbbi
- Allir klúbbar munu taka inn nýja félaga meðan MISSION 1.5 stendur yfir
- Umdæmi innleiða aðferðir til að laða að fjölbreyttari félaga, þar á meðal konur og unga félaga

# Lions býr í okkur öllum

**Hver Lionsfélagi skiptir máli fyrir fólkið sem reiðir sig á okkur. Sérhver klúbbur er að breyta samfélagi sínu, gera það sterkara, heilbrigðara og að vingjarnlegri stað fyrir alla.**

Í meira en heila öld hefur Lions verið til staðar fyrir samfélag okkar, gefið, stutt og veitt lið.

Til að mæta vaxandi þörfum í samfélögum okkar, þurfum við að bjóða nýjum félögum að leggja okkur lið.

Til að tryggja að við séum alltaf til staðar og tilbúin að veita lið, þurfum við að vaxa.

***Þess vegna förum við af stað með MISSION 1.5***



# Meginkostir við MISSION 1.5

## Aukin geta til að leggja lið

Með því að bjóða nýjum félögum í klúbbinn þinn, eykur þú getu hans til að þjóna samfélaginu.

## Meiri fjölbreytni og þátttaka

Lions leggur ekki aðeins lið í heiminum. Við erum fulltrúar fyrir heiminn sem við leggjum lið í. Samfélögin eru fjölbreytt og félagarnir ættu að endurspeglja þau.

## Hvettu til breytinga

Sérhver nýr Lionsfélagi færir okkur ferskar hugmyndir og fleiri hendur til starfa. Þegar klúbburinn stækkar aukast áhrif hans í samfélaginu, á landsvísu og heimsvísu.

## Auknir kostir fyrir félagana

Lionsfélagar gera meira en að vinna verkefni saman. Við þroskumst saman. Þannig að stækkun klúbba, á öllum stigum, um allan heim, kemur okkur til góða.

## Sterkara Lions

Fjölgun félaga gerir Lions sterkara. Með fleiri félögum mun hreyfingin, umdæmin og klúbburinn okkar hafa meira fjármagn til að vinna verkefni heima og að heiman.